

XJ Fundargerð 17. feb 2024

Mættir: Jökull Sólberg Auðunsson, Kári Jónsson, Margrét Pétursson, Sara Stef Hildar, Gunnar Smári Egilsson, Guðmundur Auðunsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sæþór Benjamín Randalsson.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fjárhagsstaða flokksins

Tillaga frá Söru: Þessi liður verði á öðrum fundi hvers mánaðar. Samþykkt.

Sósíalistapingið

Umsókn hefur verið send inn til Eflingar um 100.000 kr styrk fyrir morgunmat og að formaður stjórnar Sólveig Anna taki þátt í viðburði í Tjarnarbíó. Líklegt að þetta verði samþykkt.

Túlkur fyrir viðburð: Það þarf að vera túlkur sem þýðir jafn óðum á viðburði. Benjamín hjá ASÍ væri frábær, Sæþór ætlar að athuga hver er laus í þetta.

„Opnun á Alþýðuhúsinu“: Sósíalísk ráðstefna - mættu, fáðu kaffi, snúð og hittu félögin innan sósíalískrar baráttu: Leigjendasamtökin, Ísland-Palestína (Salka), PEPP, Ungir Sósíalistar, stofnun Hagsmunasamtaka barnafólks, félag innflytjenda.

Það eru allir velkomnir á Sósíalistaping 2024 - fyrir aðalfund þarftu að vera meðlimur í flokknum.

Sanna Magdalena ætlar að vera í móttöku með Guðmundi Auðunssyni.

Ritari býður sig fram til að senda tölvupóst um þingið, bera undir framkvæmdastjórn fyrst. Í póstinum er fólk hvatt til að skrá sig á þingið á Facebook og sjálfboðaliðar hvattir til að hafa samband við ritara. Ritari býður sig fram til að vera tengipunktur fyrir þá sem bjóða sig fram, lóðsar fólk inn í nýjan Messenger hóp fyrir alla sjálfboðaliða og skipulagsaðila.

Næsti fundur

Boðað til fundar 24. febrúar þar sem framkvæmdahópur þingsins kynnir framgang skipulags, formaður kynnir hugmyndir að því hvernig við byggjum upp framlínu með öflugum fulltrúum flokksins fyrir kosningar.

Öðrum fundarliðum frestað. Fundi slitið.